

Mikil og almenn ánægja var með ávarp það sem forseti vor, Ólafur Ragnar Grímsson, flutti við opnun Nordiu-sýningarinnar á Kjarvalsstöðum í haust. Frímerkjablaðið fékk því góðfúslegt leyfi forseta til að birta ávarpið og fylgir það hér í íslenskri þýðingu.



**Ávarp forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun Nordiu 03
á Kjarvalsstöðum
16. október 2003**

Ágætu frímerkjasafnarar.

Það er mikið gleðiefni að enn á ný skuli stór norræn frímerkjasýning haldin á Íslandi og við bjóðum þá velkomna sem hafa ferðast um langan veg frá öðrum Norðurlöndum og víðar að til að taka þátt í þessum merka viðburði.

Frímerkjasöfnun á djúpar rætur í menningu okkar, sögu og þjóðararfi en er um leið alþjóðleg og til marks um hvernig fólk frá ólíkum svæðum getur átt samskipti sín á milli og tengst traustum böndum.

Frábært er að sjá þá innsýn sem frímerkjasöfnun getur veitt okkur í mikilvæga atburði og afrek. Hún varpar einnig ljósi á einstaklinga sem skarað hafa fram úr, skáld, listmálara, menningarfrömuði, vísindamenn, leiðtoga og hetjur sem hafa haft djúpstæð áhrif á líf okkar, mótað samfélagið og sett svip sinn á þann efnivið sem nútíminn er sprottinn af og á sér rætur í hefðum og menningu.

Ímynd þjóðar kemur skýrt fram í þeim frímerkjum sem hún gefur út. Þjóðareinkennin endurspeglast í því hvers konar myndefni er valið.

Sýningar eins og sú sem við opnum í dag eru kennimark þjóðanna og marka áfanga á ferð okkar inn í framtíðina.

Við sjáum einnig að náttúran skipar æ ríkari sess í hugum manna því síaukin áhersla er lögð á frímerki sem tákna fegurð sköpunarverksins, blóm, fugla, fiska og aðrar auðlindir hafsins, fjöll, eldstöðvar, hverir og síbreytileg form ljóss og skugga sem ólíkir staðir töfra fram.

Fyrr á tímum var talið nægja að hafa mynd af konungi vegna þess að einvaldurinn var talinn miðdepill hins mannlega valds en nú hafa frímerkin lokið upp töfrum náttúrunnar.

Það er því skemmtilegt að sjá hvernig stórar frímerkjasýningar endurspeglar vitund okkar og í ljósi þeirra getum við túlkað sjálfsmynd okkar.

Norræn sérkenni hafa jafnan komið ríkulega fram á norrænum frímerkjasýningum og nú gefast okkur mörg tækifæri til að rifja upp sögu Norðurlandanna, gera okkur ljósa framvinduna og þær miklu breytingar sem orðið hafa.

Virtir frímerkjasafnarar, sem heiðra okkur hér í dag með sínu ómetanlega framlagi, minna okkur á að frímerkjasöfnun eykur þekkingu okkar, eflir sögulega vitund og innsýn í mannleg örlög og við erum afar þakklát þeim eldhugum sem sýna söfn sín hér.

Sýningin gefur okkur, sem hófum frímerkjasöfnun á unga aldri, jafnframt tækifæri til að rifja upp hversu mjög sú iðja auðgaði æsku okkar.

Þegar ég ólst upp í litlu sjávarplássi á Vestfjörðum sat ég löngum stundum með afa mínum yfir litla frímerkjasafninu hans og sé enn fyrir mér stoltið í svip hans og glampann í augunum þegar hann sýndi mér frímerkin sem gefin voru út þegar þúsund ár voru liðin frá upphafi Alþingis, við stofnun lýðveldisins og vegna landafunda víkinga í Vesturheimi. Og ég minnst þess hversu upp með mér ég varð þegar hann gaf mér safnið sitt er ég flutti úr plássinu til Reykjavíkur.

Frímerki hafa verið snar þáttur í uppeldi okkar, minningum og fjölskyldulífi og þótt tímarnir hafi breyst hafa áhugasamir safnarar tryggt þeim sess í framtíðinni,

Ég færi árnaðaróskir til allra þeirra sem hafa unnið dyggilega að því að koma þessari sýningu á fót og mér er mikil ánægja að lýsa Norrænu frímerkjasýninguna Nordiu 03 opna.